

Virðing – Jákvæðni – Framsækni – Umhyggja

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar



Ársskýrsla 2020



MOSFELLSBÆR

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2020 var merkilegt fyrir margra hluta sakir. Fyrir okkur hafa veikindi, sóttkví, einangrun, samdráttur, samkomubönn og efnahagsþrengingar, svo fátt eitt sé nefnt, einkennt árið. Þjónusta fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar hefur svo sannarlega þurft að taka mið af þessum faraldri með ýmsum breytingum, nýjum leiðum að markmiðum, jákvæðni og framsækinni hugsun.

Árið 2020 var einnig að öðru leyti stórt fyrir fjölskyldusvið, en á árinu lét Unnur V. Ingólfssdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri sviðsins, en hún hafði gegnt starfinu í 33 farsæl ár. Þann 1. október tók undirrituð við starfi Unnar, sem og því góða búi sem hún hafði byggt upp. Nýju fólki fylgja þó alltaf einhverjar breytingar og samhliða framkvæmdastjóraskiptum gekk fjölskyldusvið síðasta skrefið í þeim skipulagsbreytingum sem höfðu verið í farvatninu síðastliðið árið á undan. Undir lok ársins var því búið að aðgreina tvenns konar þjónustu innan sviðsins með því að ráða inn stjórnanda félagsþjónustu, sem sinnir málefnum aldraðra, fatlaðs fólks og almennri félagsráðgjöf. Sú staða gerir það að verkum að tveir af þeim fjórum félagsráðgjöfum sem starfa hjá fjölskyldusviði sinna nú eingöngu málefnum barnaverndar, undir stjórn stjórnanda barnaverndar og hinir tveir tilheyra félagsþjónustu.

Mikið gleðiefni á árinu var að stefna í málefnum eldri borgara var útgefin, en búið var að vinna þá stefnu í miklu samstarfi við íbúa, hagsmunaaðila, starfsmenn Mosfellsbæjar og kjörna fulltrúa. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu Mosfellsbæjar. Á svipuðum nótum má nefna að fyrstu skref voru stigin á árinu í að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks og var það gert í september með opnum, rafrænum íbúafundi sem var vel sóttur. Slíkar stefnur eru mikilvægar sem stjórnæki fyrir stjórnásluna til að fylgja eftir þeim áherslum sem íbúar Mosfellsbæjar, og aðrir sem málefnið snertir, telja að leggja þurfi áherslu á í uppbyggingu á okkar góða samfélagi.

Þessi ársskýrsla er sett fram til að veita innsýn í þau verkefni sem fjölskyldusvið hefur unnið á árinu 2020 og er hægt að skoða þau með samanburði við síðastliðin þrjú ár.

Undirrituð vill færa öllu starfsfólki fjölskyldusviðs bestu þakkir, fólki sem starfar innan bæjarskrifstofunnar sem og utan hennar. Þetta árið hefur reynt mikið á störf starfsmanna sviðsins, ekki síst þeirra sem hafa sinnt beinni þjónustu við notendur þar sem hefur oft þurft að sýna mikinn sveigjanleika og hugmyndaauðgi til að veita þjónustuna með sem minnstu raski fyrir notendur.

Sigurbjörg Fjölvisdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Skipting fjármagns	5
3	Barnavernd	6
3.1	Tilkynningar	6
3.2	Útgjöld	8
4	Félagsþjónusta	9
4.1	Félagsleg ráðgjöf	9
4.2	Fjárhagsaðstoð	9
4.2.1	Fjöldi styrkþega	9
4.2.1	Útgjöld	9
4.3	Stuðningsþjónusta (félagsleg heimþjónusta)	10
4.3.1	Umfang og eðli þjónustunnar	10
5	Þjónusta við eldri borgara	12
5.1	Dagdvöl að Eirhömrum	12
5.2	Félagsstarf	12
6	Akstursþjónusta	14
7	Þjónusta við fatlað fólk	16
7.1	Búsetuþjónusta	16
7.1.1	Hulduhlíð	17
7.1.2	Klapparhlíð	17
7.1.3	Þverholt	17
7.1.4	Biðlisti eftir sértækri búsetu	17
7.2	Áfangaheimili fyrir geðfatlaða	17
7.3	Notendastýrð persónuleg aðstoð	18
7.4	Félagslegur stuðningur (liðveisla)	18
7.5	Dagþjónusta – atvinna, hæfing	19
7.6	Skammtímadvöl	20
7.7	Stuðningsfjölskyldur	21
7.8	Heimili fyrir börn	22
7.9	Skálatún	22
8	Félagsleg húsnæðismál	24
8.1	Sérstakur húsnæðisstuðningur	24
8.2	Félagslegt leiguhúsnæði	25
8.3	Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði	25

1 Inngangur

Verkefni fjölskyldusviðs eru margvísleg. Þau eru unnin samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og öðrum lögum sem við eiga hverju sinni. Að auki fylgja starfsmenn fjölskyldusviðs, eins og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins, málsmeðferð samkvæmt stjórnáráðslögum nr. 37/1993.

Markmið með framkvæmd þjónustunnar er að stuðla að félagslegu og fjárhagslegu öryggi íbúa með velferð þeirra í huga.

Mosfellsbær heldur áfram að vera sveitarfélag í örur vexti. Í upphafi ársins voru íbúar 12.073 og hafði þeim fjölgað um 5,3% frá árinu 2019. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á þau verkefni sem unnin eru á sviðinu með auknu umfangi sem leiðir til þess að sviðið leitast við að feta nýjar leiðir í þjónustu auk þess að byggja á þeim grundvallarstöðum sem félagsþjónusta sveitarfélaga byggir á.

Í lok ársins 2020 voru starfsmenn sviðsins 127 í 49 stöðugildum. Starfsmenn á skrifstofu voru 11 í 10 stöðugildum eins og sjá má hér fyrir neðan.

Starfsmenn á skrifstofu fjölskyldusviðs í árslok 2020 voru:

Framkvæmdastjóri	Sigurbjörg Fjölnisdóttir
Stjórnandi barnaverndar	Guðrún Marinósdóttir
Félagsráðgjafar barnaverndar	Berglind Ósk B. Filippíudóttir
	Guðlaug Birna Steinarsdóttir
Stjórnandi félagsþjónustu	Kristbjörg Hjaltadóttir
Félagsráðgjafar félagsþjónustu	Guðrún Halla Jóhannsdóttir
	Harpa Ólafsdóttir
Ráðgjafar félagsþjónustu	Anna Katrín Guðdísardóttir
	Elva Hjálmarsdóttir
	Hildur F. Bjarnadóttir (í barneignarleyfi)
Verkefnastjóri húsnæðismála	Una Dögg Evudóttir

2 Skipting fjármagns

Rekstrarútgjöld fjölskyldusviðs árið 2020 námu 2,1 milljarði og höfðu hækkað um 7,5% milli ára.

Tafla 1 sýnir samanburð útgjalda árin 2017 til 2020 skipt niður á einstakar deildir.

Tafla 1. Rekstrarniðurstaða fjölskyldusviðs og deilda árin 2017-2020

	2017	2018	2019	2020
02 FÉLAGSÞJÓNUSTA	1.477.377.471	1.660.525.628	1.953.287.479	2.098.836.545
02010 Fjölskyldunefnd	4.376.954	4.718.342	4.461.405	4.882.866
02020 Skrifstofa félagsþjónustu	56.158.127	59.773.344	73.067.699	77.768.134
02110 Fjárhagsaðstoð	36.051.059	37.910.646	53.062.077	44.021.319
02170 Móttaka flóttafólks	0	-928.319	0	1.359.998
02172 Erlendir ríkisborgarar	0	281.872	0	3.642.298
02180 Sérstakur húsnæðisstuðningur	8.432.792	19.077.164	31.588.500	34.618.092
02190 Önnur félagsleg aðstoð	5.313.350	5.160.008	3.338.272	3.324.091
02330 Niðurgreiðsla dvalargjalda	5.889.685	7.155.773	4.958.673	7.777.135
02340 Barnaverndarmál	10.142.407	20.439.583	27.259.308	35.415.475
02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja	6.814.008	6.789.888	7.915.893	5.521.084
02420 Þjónustuhópur aldraðra	0	168.200	0	0
02430 Hjúkrunarheimili	79.500	7.000.000	30.000.000	0
02450 Þjónustumiðstöð aldraðra	101.484.436	109.389.820	101.517.272	117.777.723
02480 Félagsstarf aldraðra	36.679.482	38.554.585	43.512.853	44.113.384
02490 Afsláttur af fasteignagjöldum	24.377.542	36.045.762	37.437.345	43.762.298
02500 Málefni fatlaðra - sameiginlegur kostnaður	695.885.500	757.870.839	800.684.540	795.809.888
02510 Liðveisla og akstur	99.410.888	117.742.649	134.474.622	131.626.242
02520 NPA þjónusta	69.089.378	73.312.725	103.206.312	101.911.466
02564 Hulduhlíð búsetukjarni	77.322.304	79.870.059	86.280.835	95.410.587
02565 Klapparhlíð búsetukjarni	38.307.959	43.849.675	57.647.450	76.823.480
02566 Þverholt búsetukjarni	80.290.612	86.257.014	109.308.353	124.123.851
02567 Heimili fyrir börn	13.364.921	50.477.765	59.762.908	69.922.793
02569 Áfangaheimili fyrir geðfatlaða	0	0	22.778.595	84.699.491
02570 Skammtímavistun fyrir fatlaða	41.739.220	19.998.605	26.451.417	32.409.193
02580 Dagþjónusta fyrir fatlaða	43.571.185	41.503.094	98.071.390	116.900.223
02590 Stuðningsfjölskyldur	17.780.850	31.330.034	32.430.924	41.126.510
02620 Fræðslu og forvarnarstarf	1.042.080	1.366.320	0	0
02650 Jafnréttismál	231.721	1.515.135	0	0
02710 Ýmis lögbundin framlög	1.059.750	1.171.188	1.309.300	1.398.174
02810 Ýmsir styrkir - félagsmál	2.481.761	2.723.858	2.761.536	2.690.750


3 Barnavernd

Um barnavernd er fjallað í barnaverndarlögum og er markmið þeirra að tryggja að börn sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni eða þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær hafa frá árinu 2016 verið með samkomulag um sameiginlegar bakvaktir í barnaverndar- sem og heimilisofbeldismálum.

3.1 Tilkynningar


Á árinu 2020 mátti sjá aukinn fjölda tilkynninga, eða fjölgun um 13,3% frá árinu 2019. Eins og Mynd 1 sýnir var sú aukning öll tilkomin vegna aukins fjölda tilkynninga um drengi, en tilkynningar vegna stúlkna fækkaði um þrjár milli árána.



Mynd 1. Fjöldi tilkynninga til barnaverndar skipt eftir fjölda barna og kyni.


Ástæður tilkynninga til barnaverndar eru flokkaðar eftir eðli þeirra. Þeir flokkar felast í tilkynningum vegna áhættuhegðunar barns, ofbeldis, vanrækslu eða þegar heilsu eða lífi ófædds barns er talið í hættu.

Á árinu 2020 var, eins og á síðasta ári, algengasta ástæða tilkynninga til barnaverndar ofbeldi og þar á eftir áhættuhegðun barns, sjá Mynd 2.



Mynd 2. Ástæða tilkynninga til barnaverndar.


Á Mynd 3 má sjá ástæðu tilkynninga skipt eftir kynjum, en aukning hefur verið í öllum þremur flokkum tilkynninga hjá drengjum milli árána 2019 og 2020. Hjá stúlkum er aukning á tilkynningum vegna vanrækslu milli árána, en fækkun í tilkynningum um ofbeldi og áhættu hegðun.



Mynd 3. Ástæða tilkynningar skipt eftir kyni barns.

Eins og áður berast flestar tilkynningar til barnaverndar frá lögreglu, en á árinu bárust 259 tilkynningar frá lögreglu. Næst á eftir komu tilkynningar í floknum „aðrir aðilar“ (49), 46 frá


foreldrum barnsins, 39 frá heilbrigðisstarfsmönnum og 38 frá skóla eða sérfræðipjónustu skóla. Fæstar tilkynningar berast eins og áður frá leikskólum (3) og þar á eftir barninu sjálfu (4).



Mynd 4. Tilkynnendur barnaverndarmála .

3.2 Útgjöld

Útgjöld hafa aukist umtalsvert milli árunna 2019 og 2020, eða um 30,7%, og skýrist það af ýmsum þáttum, svo sem kostnaðarsömum úrræðum og auknum þunga í barnaverndarmálum ásamt skorti á aðgengi að úrræðum á vegum Barnaverndarstofu.



Mynd 5. Útgjöld vegna barnaverndarmála.

4 Félagsþjónusta

Í þessum kafla er fjallað um þjónustu fjölskyldusviðs sem byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Er hér um að ræða félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og stuðningsþjónustu.

4.1 Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Við félagslega ráðgjöf er horft á að styðja einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar þannig að hver og einn geti notið sín sem best í samfélaginu.


Félagsleg ráðgjöf fer fram í gegnum viðtöl við einstaklinga, en á árinu 2020 var ýmsum nýjungum beitt við slíka ráðgjöf, og buðu ráðgjafar meðal annars upp á viðtöl í gegnum síma auk þess að taka á móti skjólstaðingum á bæjarskrifstofum. Félagsleg ráðgjöf fer einnig fram í gegnum símatíma sem boðið er áfram upp á fjórum sinnum í viku.

4.2 Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt til að stuðla að því að einstaklingar og fjölskyldur geti framfleytt sér, séu þeir ekki færir um það sjálfir. Fjárhagsaðstoð er alltaf veitt sem tímabundið úrræði. Samhliða veitingu fjárhagsaðstoðar er unnið markvisst að því að styrkja viðkomandi í leit sinni að atvinnu eða til að stunda nám og fækka þannig í hópi þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda.

4.2.1 Fjöldi styrkþega

Covid-19 setti mark sitt á fjölda styrkþega eftir fjárhagsaðstoð, en hún er veitt til dæmis til einstaklinga þegar þeir hafa klárað rétt sinn til atvinnuleysisbóta hjá Vinnumálastofnun. Fjölgun styrkþega hafði byrjað á seinni hluta ársins 2019, áður en Covid kom til sögunnar, en í mars og apríl 2020 mátti sjá mikið stökk í fjölda styrkþega sem hægt var að rekja beint til ástands í samfélaginu tengt samkomutakmörkunum. Á árinu 2020 fengu samtals 103 einstaklingar styrk í formi fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélaginu, svipaður fjöldi og árið á undan, en stórt stökk átti sér stað milli árána 2018 og 2019 með þeirri aukningu á seinni hluta ársins 2019 eins og áður sagði. Þetta má sjá á Mynd 6 á næstu blaðsíðu.




Mynd 6. Fjöldi styrkþega fjárhagsaðstoðar árin 2017 - 2020.

4.2.1 Útgjöld

Þrátt fyrir lítilsháttar fjölgun styrkþega milli árana 2019 og 2020 lækkuðu heildarútgjöld um rúmar þrjár m.kr., sjá Mynd 7, sem skýrist helst af því að fækkun varð á fjölda styrkþega á seinni hluta ársins 2020.

Sveitarfélagið fékk styrk úr ríkissjóði til að koma til móts við þann kostnað sem af takmörkunum vegna Covid-19 hefur hlotist, en hömlur í samfélaginu höfðu víðtæk áhrif á atvinnumöguleika einstaklinga sem leiddi til þess að útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar jukust á árinu.




Mynd 7. Útgjöld til fjárhagsaðstoðar árin 2017 – 2020, í milljónum króna.

4.3 Stuðningsþjónusta (félagsleg heimaþjónusta)

Markmið stuðningsþjónustu er lögum samkvæmt að veita þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu þjónustu til að geta búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er. Eir, hjúkrunarheimili annast framkvæmd þjónustunnar samkvæmt samningi við Mosfellsbæ.


4.3.1 Umfang og eðli þjónustunnar

Á árinu 2019 voru 146 heimili sem nýttu sér stuðningsþjónustu, flestir af þeim í hópi eldri borgara. Mikil aukning í veitingu þjónustunnar kom fram á árinu 2020, en þá voru 178 heimili sem nutu þjónustunnar og er þetta aukning um nærri því 22% milli árana. Þetta má sjá á Mynd 8. Þar er gerður greinarmunur á íbúum Eirhamra og eldri borgurum, en íbúar sem búa á Eirhömrum tilheyra einnig hópi eldri borgara og voru því samtals 139 eldri borgarar sem fengu stuðningsþjónustu árið 2020.



Mynd 8. Stuðningsþjónusta, fjöldi heimila skipt eftir tegund árin 2017-2020.

Aukning útgjalda milli áráanna 2019 og 2020 var 13,4%, sem er nokkuð umfram hækkunir undanfarinna ára og má sjá á Mynd 9. Sú hækkun skýrist að hluta til af því að nýr verkefnastjóri heimaþjónustu var ráðinn inn hjá Eir, en sá starfsmaður sér um skipulagningu og samþættingu á verkefni heimaþjónustu. Stærstan hluta aukins kostnaðar má þó skýra með fjölgun heimila.



Mynd 9. Útgjöld vegna stuðningsþjónustu 2017 til 2020, í milljónum króna.

5 Þjónusta við eldri borgara

Eldri borgarar Mosfellsbæjar hafa ekki farið varhluta af þeim hömlum sem Covid faraldurinn olli á árinu. Ekki hægt að halda úti allri þeirri fjölbreyttu þjónustu sem eldri borgurum er veitt í Mosfellsbæ. Framkvæmd þjónustunnar er í samræmi við lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra, en einnig stendur eldri borgurum til boða akstursþjónusta sem er ekki lögbundin þjónusta við hópinn.

Á árinu var gefin út stefna í málefnum eldri borgara, en vinna við gerð hennar hófst á árinu 2018 með viðamiklum íbúafundi. Fjögur meginmarkmið voru sett fram í stefnunni: heilbriggt líf, eflandi umhverfi, virk þátttaka og örugg búseta. Að auki er í stefnunni 21 aðgerð til að uppfylla þau markmið. Stefnan er mikilvægt leiðarljós Mosfellsbæjar um hvernig hægt sé að mæta þörfum og tryggja velferð eldri borgara í sveitarfélaginu.

Á vegum sveitarfélagsins er, lögum samkvæmt, starfandi öflugur samráðshópur um málefni eldri borgara, öldungaráð, þar sem sitja fulltrúar Famos, kjörnir fulltrúar, fulltrúi Heilsugæslu Mosfellsbæjar sem og starfsmaður bæjarskrifstofu.

5.1 Dagdvöl að Eirhömrum

Í dagdvöl á Eirhömrum eru níu almenn rými, sami fjöldi og undanfarin ár. Þau rými hafa verið vel nýtt og eru ávallt fleiri en níu sem geta nýtt sér þjónustuna þar sem margir notendur nýta sér hluta úr degi. Eir hjúkrunarheimili annast rekstur dagdvalarinnar með samningi við Mosfellsbæ. Markmið starfseminnar er að efla fólk til sjálfshjálpar og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Breytilegt er hversu marga daga eða dagsparta hver einstaklingur nýtur þjónustu á deildinni. Hlutverk dagdvalar er að bjóða einstaklingum upp á tólmstundaiðju, félagslegan stuðning, mat á heilsufari, þjálfun, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í boði er akstur milli dagdvalar og heimilis, sbr. 3. lið 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þá er einnig boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi.

5.2 Félagsstarf

Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ fer fram í þjónustumiðstöð aldraðra, Eirhömrum. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja félagslega einangrun og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Áhersla er lögð á öflugt félagsstarf sem mætir þörfum ólíkra hópa. Listsköpun, handmennt, spilamennska, kórstarf, leikfimi, sund og ferðalög eru dæmi um starfsemina. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um þjónandi leiðsögn sem hentar vel í slíku starfi.

Öll helstu námskeið fóru af stað í upphafi árs og var bryddað upp á ýmsum nýjungum. Má þar til dæmis nefna enskúhóp. Covid-19 hafði mikil áhrif á hóp eldri borgara og lögðust öll námskeið af í faraldrinum en einnig hreyfing, söngur og spilahópar. Hægt var þó að fara í ýmsar styttri ferðir og var mikið um hreyfingu utandyra yfir sumarið. Lokað var í um sex vikur frá 9. mars vegna mikilla samfélagslegra takmarkana. Félagsstarfið fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu upp á tæpar 2 m.kr. sem hægt var að nýta í ýmsa viðburði þó að ekki hafi tekist að nýta allan styrkinn á árinu vegna nýrra takmarkana eftir mitt sumarið. Styrkurinn getur þó nýst áfram á næsta ári og þar af leiðandi komið hópnum til góða. Haldin var vel heppnuð myndlistasýning í

anddyri Lágafellslaugar. Fækka þurfti verulega menningarkvöldum Famos, sem eru almennt haldin einu sinni í mánuði.

Þetta árið var ákveðið að hafa árlegan basar rafrænan sem lagðist vel í Mosfellina, mikið fé safnaðist eins og áður. Félagsstarfið gaf ágóðann til nauðstaddra og tók kirkjan við fénu í desember til úthlutunar.

Félagsstarfið tók að sér að hringja í alla notendur heimaþjónustu sem og íbúa eldri en 75 ára þegar lokanir urðu hvað mestar um vorið, til að fylgjast með líðan og aðstæðum þess hóps. Þetta var endurtekið um haustið og mæltist vel fyrir hjá hópnum.

Mikið var lagt upp úr því að vera sýnileg á samfélagsmiðlum og sem dæmi má nefna að garn var heimsent til þeirra sem það vildu, starfsmaður verslaði matvörur fyrir þá sem það þurftu auk þess sem búsetuþjónustan fékk liðsinni starfsmanns félagsstarfsins þegar lokunin átti sér stað.

Þrátt fyrir takmarkanir hefur þátttakendum fjölgað jafnt og þétt og þar sem eldri borgarar eru að verða sífellt sprækari er stærsta vandamál félagsstarfsins fólgið í að lítið er orðið af bílastæðum við Eirhamra.


6 Akstursþjónusta

Fatlaðir Mosfellingar sem geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eiga kost á akstursþjónustu á vegum sveitarfélagsins til að geta stundað atvinnu, nám, sótt þjálfun og notið tómtunda og er sú þjónusta lögbundin samkvæmt félagsþjónustulögum.

Mosfellsbær veitir einnig eldri borgurum akstursþjónustu hafi þeir ekki aðgang að eigin farartæki og séu ófærir um að nota almenningssamgöngur. Kostnaður vegna aksturs fatlaðs fólks og eldri borgara er bókuð á sama kostnaðarstað.


Strætó bs. hefur verið framkvæmdaraðili þjónustunnar undanfarin ár og hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, utan Kópavogs, verið í samstarfi um þá þjónustu. Samningur sveitarfélaganna rann út á árinu og undirrituðu sveitarfélögin nýjan samning, utan Hafnarfjarðar sem dró sig úr samkomulaginu. Strætó er nú sem áður framkvæmdaraðili þjónustunnar, en nú undir nýju merki Pant, og hófst akstur undir því merki þann 1. júlí.

Svipaður fjöldi er að nýta sér þjónustuna milli árana 2019 og 2020 eins og sjá má á Mynd 10. Fjöldun átti sér stað hjá eldri borgurum sem nýttu sér þjónustuna, eða 13 á móti 7 árið áður og lítilsháttar fækkun átti sér stað í hópi fatlaðs fólks. Á myndinni má einnig sjá fjölda fatlaðra ungmenna í framhalds- eða háskóla sem eru með nemakort, en þau voru sex á árinu 2020 og sjö árið á undan.



Mynd 10. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér akstursþjónustu, skipt eftir hópi þjónustuþega.

Merki samkomutakmarkana mátti glögglega sjá á akstri fatlaðs fólks og aldraðra, en mikill samdráttur var í fjölda ferða á fyrri hluta ársins. Sá samdráttur jafnaðist þó eitthvað út á seinni hluta ársins, en eftir sem áður er mikil lækkun á ferðafjölda milli 2019 og 2020, eða úr 23.870 ferðum í 17.609. Sú fækkun ferða endurspeglast einnig í lækkun kostnaðar við þjónustuna sem sést á Mynd 11.



Mynd 11. Útgjöld vegna akstursþjónustu.

7 Þjónusta við fatlað fólk


Málaflokkur fatlaðs fólks er umfangsmikill hjá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar, en 79,6% af útgjöldum ársins 2020 fóru í þjónustu sem heyrir undir þennan málaflokk.

Eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins á fatlað fólk rétt á almennri þjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, sé það í þörf fyrir hana. Auk þess getur það átt rétt á sértækri þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, séu þjónustuparfir þess meiri en hægt er að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu.

Um sumarið fékk sveitarfélagið 3 m.kr. styrk frá félagsmálaráðuneytinu til að sinna auknu félagsstarfi fyrir fullorðið fatlað fólk og var ráðinn inn verkefnastjóri til að skipuleggja og halda utan um fyrirhugaða viðburði. Leitað var eftir hugmyndum úr röðum fatlaðs fólks og starfsmanna til að nýta styrkinn sem best. Því miður urðu hertar samkomutakmarkanir til þess að ekki var hægt að fullnýta styrkinn á árinu, en fyrirhugað er að bæta úr því við fyrsta tækifæri. Styrkurinn nýttist þó til að framkvæma ýmsa fámenna viðburði sem og að kaupa íþróttaáhöld sem munu geta nýst áfram. Boðið var upp á opna Zoomba-tíma í Lágafellslaug, búsetukjarnar skipulögðu viðburði fyrir sína íbúa og Skálatún fékk styrk til að kaupa hljóðfæri sem nýttast í dagþjónustunni.

7.1 Búsetuþjónusta

Mosfellsbær starfrækir þrjá búsetukjarna, í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholt. Auk þeirra sem þar búa er nokkrum einstaklingum, sem búa í eigin íbúðum eða leiguíbúðum utan kjarnanna, veitt þjónusta. Sértæk búsetuúrræði eru ætluð fötluðum einstaklingum sem þurfa umtalsverðan stuðning við heimilishald og athafnir daglegs lífs. Útgjöld vegna búsetuþjónustunnar má sjá á Mynd 12. Stærstur hluti kostnaðar við búsetuþjónustu er vegna launa og því stór hluti þeirra hækkana sem má sjá milli áranna tilkominn vegna kjarasamningshækkana.



Mynd 12. Útgjöld vegna búsetuþjónustu.

7.1.1 Hulduhlíð

Í búsetukjarnanum er veitt sólarhringsþjónusta. Íbúar eru fjórir í tveimur íbúðum, auk þess sem þjónusta er veitt til tveggja aðila sem búa utan kjarnans. Tíu starfsmenn störfuðu við búsetukjarnann í 7,5 stöðugildum á árinu. Einn forstöðumaður er yfir kjörnunum í Hulduhlíð og Klapparhlíð og er hann talinn með í stöðugilda- og starfsmannafjölda Hulduhlíðar.

7.1.2 Klapparhlíð

Í búsetukjarnanum Klapparhlíð er veitt sólarhringsþjónusta og vegna breyttra aðstæðna var þjónusta á árinu 2020 aukin. Í Klapparhlíð búa tveir íbúar, en voru þrír hluta af árinu 2020. Starfsfólk þjónustar einnig einstaklinga í þremur íbúðum utan kjarnans. Tólf starfsmenn störfuðu við kjarnann í 6,35 stöðugildum.

7.1.3 Þverholt

Í búsetukjarnanum Þverholti er sólarhringsþjónusta. Íbúar eru fimm, hver í sinni íbúð. Auk þess veitir starfsfólk kjarnans tveimur einstaklingum þjónustu sem búa í nágrenninu, hvor í sinni íbúð. Starfsmenn voru 16 í um 11 stöðugildum. Forstöðumaður Þverholts tók tímabundið til eins árs að sér starf á skrifstofu fjölskyldusviðs undir lok árs 2020 og þáverandi deildarstjóri Þverholts tók að sér að gegna forstöðumannsstarfi á meðan.

7.1.4 Biðlisti eftir sértækri búsetu


Undir lok ársins var farið yfir biðlista eftir búsetu þar sem haft var samband við þá einstaklinga sem höfðu lagt inn umsókn um búsetu eða breytingar á búsetu hjá sveitarfélaginu. Var það gert til að meta betur þarfir einstaklinganna og til að biðlisti endurspegli raunverulega þörf eftir búsetu hjá sveitarfélaginu.

Í lok ársins voru níu einstaklingar á bið eftir búsetu, þar af eru einn með NPA samning. Að auki var einn á bið eftir breytingu á búsetu, búsettur á Skálatúni. Einn utan Mosfellsbæjar átti umsókn um búsetu í sveitarfélaginu, búsettur í Reykjavík. Einn átti umsókn um búsetu á Skálatúni, einnig búsettur í Reykjavík.

7.2 Áfangaheimili fyrir geðfatlaða

Nú er komin ágætis reynsla á áfangaheimilið Krók sem fór af stað haustið 2019. Á árinu 2020 var þjónustan færð út á þann hátt að tveir nýir notendur komu í þjónustu heimilisins og voru því samtals fjórir með þeim tveimur sem þjuggu þar á árinu. Þjónustan við nýju íbúana, sem búa í eigin íbúðum, hefur verið einstaklingsmiðuð á þann hátt að hún var mikil í upphafi en hægt var að draga úr þjónustunni þegar leið á árið.

Fjöldi stöðugilda og starfsmanna sveiflaðist mjög á árinu vegna breytinga á þjónustunni sem talið var upp hér að framan. Í upphafi ársins 2020 voru 5,6 stöðugildi sem 9 starfsmenn sinntu. Stöðugildin fóru mest upp í 7,8 á vormánuðum sem 12 starfsmenn sinntu vegna nýrra þjónustunotenda. Í lok ársins 2020 var þjónustan orðin stöðug og var þá komin í 6,1 stöðugildi og 10 starfsmenn.



Mynd 13. Útgjöld vegna áfangaheimilisins Króks.

7.3 Notendastýrð persónuleg aðstoð

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) var lögfest sem þjónustuform við fatlað fólk með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk árið 2018. Þjónustuformið felur það í sér að notandi fær úthlutuðum stundum út frá metinni þörf sem hann nýtir til að kaupa þjónustu aðstoðarfólks. Notandinn ræður þá hvers konar þjónustu hann nýtur, hvernig hún er skipulögð, hvenær hún er veitt, af hverjum og hvar.

Einstaklingar með NPA samninga í Mosfellsbæ á árinu 2020 voru 9, sem var sami fjöldi og á seinni hluta ársins 2019 og voru tveir einstaklingar með samþykka NPA þjónustu sem var ekki búið að setja af stað. Kostnaður við þjónustuna lækkaði úr 103,2 m.kr. á árinu 2019 í 101,9 m.kr. á árinu 2020 og skýrist sú lækkun af fækkunar í hópi notenda á árinu 2019 þar sem 11 notendur voru í upphafi árs 2019 en 9 við lok ársins.


Mosfellsbær greiðir eftir jafnaðarstund sem var 4.004kr. á árinu 2019 en hækkaði í 4.404kr. í upphafi árs 2020. Af jafnaðarstundinni eru 85% áætluð í laun og launatengd gjöld, 10% í kostnað vegna umsýslu og 5% í starfsmannakostnað.

7.4 Félagslegur stuðningur (liðveisla)

Félagslegur stuðningur er hluti af stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og er veittur til einstaklinga með fötlun frá sex ára aldri.

Fjöldi notenda jókst milli árána 2019 og 2020 um 16% (úr 57 í 66) og samhlíða því jókst fjöldi liðveitenda um 12% (úr 81 í 91), sjá Mynd 14 á næstu blaðsíðu.

Kostnaður við þjónustuna var 47,6 m.kr. árið 2019 og hækkaði í 54,4 m.kr. á árinu 2020 sem er aukning um 14,2%.



Mynd 14. Einstaklingar með samþykktu liðveislu og starfandi liðveitendur.


Í lok ársins 2020 voru tveir einstaklingar á bið eftir þjónustunni þar sem heppilegur liðveitandi hafði ekki fundist.

7.5 Dagþjónusta – atvinna, hæfing

Mosfellsbær hefur boðið fötluðum íbúum starf á hæfingarstöðvum, vernduðum vinnustofum og starfsþjálfunarstað. Þessir vinnustaðir eru handverkstæðið Ásgarður, Ás styrktarfélag, Örvi í Kópavogi þar sem fer fram starfsprófun og starfsþjálfun og Geitungarnir og Bæjarhraun í Hafnarfirði. Skálatún rekur einnig dagþjónustu fyrir þá íbúa sem þar búa. Mosfellsbær rekur sem sveitarfélag ekkert dagþjónustuúrræði.

Undir þessum lið er einnig færður kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólánemenda í Hinu húsinu sem og í Vinaskjóli.

Kostnaður vegna dagþjónustu heldur áfram að aukast, þróun sem hófst á árinu 2019, sem er að hluta til tilkominn vegna þjónustu við einstaklinga með miklar þjónustuþarfir, svo sem í sumarúrræðum Arnarskóla. Einnig er um að ræða þjónustu við aðra einstaklinga í úrræðum eins og hjá Ási styrktarfélagi þar sem kostnaður við hvern og einn notanda getur verið umtalsverður.



Mynd 15. Kostnaður við dagþjónustu í milljónum króna.

Fjöldi notenda í dagþjónustu skiptist á þennan hátt: Fjögur börn eru í sumarúrræði Arnarskóla, 13 eru í þjónustu hjá Ási styrktarfélagi, einn í Örva Kópavogi, einn í Geitungungum í Hafnarfirði sem Skálatún greiðir fyrir, einn í Bæjarhrauni og tveir í Vinaskjóli í Hafnarfirði, tveir í sértekri þjónustu á almennum vinnumarkaði, einn hjá Sérfræðingunum ses., og tveir voru í Hinu húsinu til hausts þegar annar einstaklingurinn útskrifaðist úr menntaskóla og færðist yfir í þjónustu hjá Ási styrktarfélagi. Samtals var þetta þjónusta við 26 einstaklinga á árinu 2020.

7.6 Skammtímadvöl


Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni er starfrækt í samræmi við 17. gr. laga nr. 38/2018. Börnin og ungmennin skulu eiga kost á því að njóta tímabundinnar dvalar í skammtímadvöl þegar þörf krefur. Skammtímadvöl býður upp á afþreyingu, aðstoð og grunnþjálfun við athafnir daglegs lífs. Þjónustunni er einnig ætlað að létta álagi af fjölskyldum og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsi.

Mosfellingum stendur til boða skammtímadvölin að Móafliot í Garðabæ, sem er fyrir fötluð börn á grunnskólaaldri, og skammtímadvölinni að Hnotubergi í Hafnarfirði sem er fyrir ungmenni 16 ára og eldri. Mosfellsbær rekur enga skammtímadvöl.

Hámarksdvöl eru sjö dagar í mánuði og getur dvölin verið samfelld eða í styttri tíma. Í undantekningartilvikum geta einstaklingar dvalið þar lengur ef sérstakar aðstæður krefjast þess og á meðan beðið er eftir varanlegri úrræðum. Mosfellingar eiga einnig kost á að fá úthlutaðri dvöl á áfangahæimili fyrir fötluð ungmenni í Hrauntungu í Kópavogi þar sem aðlögun fer fram að sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar dvelja þar tvær vikur í senn í hverjum mánuði. Enginn Mosfellingur nýtti sér það úrræði á árinu 2020.

Þrjú börn voru í Móafliot á árinu 2020 og 3 í Hnotubergi. Í september bættist við þjónusta í Klettabæ fyrir eitt barn. Kostnaður vegna sumardvalar í Reykjadal bókast á þennan kostnaðarlið en sveitarfélagið hefur tekið þátt í kostnaði við sumardvöl þar.

Kostnaður vegna þessarar þjónustu hækkaði um 22,3% milli árana 2019 og 2020 sem skýrist annars vegar af dvöl barns í Klettabæ sem og fleiri úthlutuðum sólarhringum til þeirra barna sem dveljast í skammtímadvöl vegna aukinnar þjónustuþyngdar.




Mynd 16. Útgjöld vegna skammtímadvalar.

7.7 Stuðningsfjölskyldur

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skemmri tíma til að létta álagi af fjölskyldu barnsins og auka jafnframt möguleika þess á fjölbreyttara félagslegu umhverfi. Hjá stuðningsfjölskyldu búa börnin við venjulegt fjölskylduumhverfi.


Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar er gert er ráð fyrir að almennt fari samfelld dvöl barns að jafnaði ekki yfir þrjá sólarhringa samanlagt, en getur þó í undantekningartilvikum numið allt að fimm sólarhringum á mánuði. Gjald er greitt til stuðningsforeldra fyrir dvöl barns á sólarhring sem tekur mið af umönnunarflokki barnsins.

Á Mynd 17 má sjá fjölda úthlutaðra sólarhringa, en þær tölur miða við fjölda sólarhringa í mánuði sem börnin fá úthlutuðum. Að meðaltali eru börnin því að fá samþykkt 3,3 sólarhringa í mánuði, en eitthvað er um að börn fái úthlutuðum fleiri en þeim fimm sólarhringum sem heimilt er að veita samkvæmt reglum Mosfellsbæjar um stuðningsfjölskyldur og getur fjölskyldunefnd veitt slíka heimild.



Mynd 17. Fjöldi úthlutaðra sólarhringa pr. mán. hjá stuðningsfjölskyldum ásamt fjölda barna.

Kostnaður vegna þjónustunnar jókst milli árána 2019 og 2020, sjá Mynd 18 á næstu blaðsíðu, sem skýrist af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi var aukning í úthlutuðum sólarhringum á árinu auk þess sem gjald til stuðningsforeldra hækkaði milli árána. Inni í kostnaðinum er einnig þjónusta sem keypt er af Vinasetri og bókast á þennan lið.




Mynd 18. Útgjöld vegna stuðningsfjölskyldna í milljónum króna.

7.8 Heimili fyrir börn

Tvö börn dvelja á heimili fyrir börn, að jafnaði um þrjár vikur í hverjum mánuði, sem er þó einstaklingsbundið vegna mismunandi þarfa barnanna. Heimilið tók breytingum á árinu þar sem byrjað var að bjóða upp á dvöl á rauðum dögum, svo sem á páskum, til að létta undir með foreldrunum vegna aukinnar þjónustuþyngdar barnanna.

Þjónustan hefur verið sniðin að þörfum barnanna og mikið lagt upp úr því að mæta þörfum barnanna og foreldranna með því að bregðast við hverju sem upp á kemur fljótt og vel. Eins og sjá má á Mynd 19 hefur kostnaður vegna þjónustunnar aukist jafnt og þétt tengt aukinni þjónustuþörf barnanna.




Mynd 19. Útgjöld vegna heimilis fyrir börn.

7.9 Skálatún

Skálatún rekur dagþjónustu og heimili fyrir fatlað fólk á lóð sinni. Áfram hefur verið starfað eftir samningi sem rann út á milli aðilanna í árslok 2014. Á árinu fól bæjarráð bæjarstjóra að hefja viðræður við IOGT, sem rekur Skálatún, um framtíðarskipulag á rekstri Skálatúns, en það var

einn af liðum í aðgerðum sem lagðar voru fyrir bæjarráð til samþykktar í kjölfar vinnu sáttasemjara skipuðum af félagsmálaráðherra á árinu 2019.

Á árinu 2020 létust tveir íbúar Skálatúns og einn bættist við í þjónustu og voru því 35 einstaklingar í þjónustu í árslok 2020, einum færri en árið á undan. Þróun kostnaðar við þjónustu Skálatúns má sjá á Mynd 20.




Mynd 20. Útgjöld til Skálatúns vegna þjónustu árinna 2017-2020.

8 Félagsleg húsnæðismál

8.1 Sérstakur húsnæðisstuðningur


Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélags er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrðar eða félagslegra aðstæðna af öðru tagi. Forsenda fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélags er að fyrir liggi samþykkt um greiðslu almennra húsnæðisbóta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, að umsækjandi búi í samþykktu íbúðarhúsnæði á almennum markaði og að samanlagður tekjur og eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu innan þeirra viðmiða sem reglurnar segja til um.

Áframhaldandi fjölgun hefur verið í hópi þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning frá sveitarfélaginu, eins og sjá má á Mynd 21 en aukning milli árana 2019 og 2020 er 17,5%.



Mynd 21. Fjöldi styrkþega sérstaks húsnæðisstuðnings.

Heildarútgjöld sérstaks húsnæðisstuðnings hafa einnig haldið áfram að aukast milli ára með fjölgun styrkþega. Hækkun milli árana 2019 og 2020 er 20,8% sem skýrist bæði af fjölgun styrkþega (Mynd 22), sem og hærri upphæð almennra húsnæðisbóta en upphæð sérstaks húsnæðisstuðnings Mosfellsbæjar er 90% af almennum húsnæðisbótum.




Mynd 22. Útgjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.

8.2 Félagslegt leiguhúsnæði

Mosfellsbær á 32 íbúðir. Af þeim eru 29 eru leigðar út sem félagslegt leiguhúsnæði, ein er leigð til búsetu fatlaðs fólks, ein til heimilis fyrir börn og ein til áfangaheimilis fyrir geðfatlaða. Á árinu keypti Mosfellsbær tvær íbúðir í nýju húsi í Bjarkarholti og seldi eina gamla íbúð í Miðholti, sem hluti af þeirri húsnæðisáætlun sem verið hefur í gangi síðastliðin ár og fjölgaði þar með félagslegum eignaríbúðum um eina. Auk þessara eigna hefur Mosfellsbær framleigt íbúðir af almennum markaði til leigjenda í félagslega kerfinu og leigði á árinu 10 slíkar íbúðir, einni fleiri en á árinu 2019.

8.3 Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði

Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði tók stökk milli áráanna 2018 og 2019 en hægðist á honum að nýju milli áráanna 2019 og 2020. Í reglum sveitarfélagsins um úthlutun félagslegra leiguíbúða er ekki kveðið á um lágmarksstigafjölda til að fá samþykktu umsókn eftir félagslegu leiguhúsnæði en á árinu 2021 liggur fyrir að þau lágmarksskilyrði verði endurskoðuð.



Mynd 23. Fjöldi umsækjenda á biðlista eftir félagslegu húsnæði.